

Framboð til kirkjubings

Ólafur Sverrisson

2. kjördæmi
Reykjavíkurrófastsdæmi eystra

Ég gef kost á mér til kirkjubings því mig langar að fleiri fái að kynnast því hve kirkjan okkar er frábær. Ég vil „lækka þröskuldinn“ fyrir venjulegt fólk til að koma oftar í kirkju. Ég vil að kirkjur landsins séu áfram opnar fyrir stóru stundirnar í lífi Íslendinga – en þá þarf kirkjuhúsið líka að vera í lagi. Ég vil að ríkið standi við gerða samninga og hætti að halda eftir því fé sem kirkjunni ber.

Ég er ritari sóknarnefndar Grafarvogssóknar. Á námsárum í Kaupmannahöfn sat ég í safnarnefnd íslenska safnaðarins og sá um barnastarfið. Ég er alinn upp í KFUM og KFUK í Reykjavík. Á árum áður var ég leiðtogi í barnastarfi félagsins og unglíngastarfi kirkjunnar, sat í stjórn KSS og í stjórn Vatnaskógar í 30 ár, þar af formaður stjórnar í 25 ár. Í dag er ég formaður byggingarnefndar nýs matskála sem þar rís, m.a. með góðum stuðningi Þjóðkirkjunnar.

Ég veit að lestur Nýja Testamentisins breytir lífi fólks. Þess vegna gekk ég í Orðið, áður Gideon félagið, og hef fengið að afhenda og útskýra bókina fyrir ótal börnum og unglíngum.

Ég er vélaverkfræðingur frá Háskóla Íslands, með framhaldsnám frá DTU, Danmarks Tekniske Universitet. Ég hef starfað við lagningu hitaveitna, flugvéla viðhald og jarðboranir. Í dag er ég verkefnisstjóri hjá Landsvirkjun.

Ég er giftur Ellen Símonardóttur bókara hjá Reyktal. Við eigum fimm börn og tvö barnabörn.

MOT – Marching On Together!

